

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

74. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, mánudaginn 24. október 2022, kl. 08:15.

Mættir: Stjórnarmenn, Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Þráinn Ingólfsson. Einnig sátu fundinn Leifur Bjarki Björnsson slökkviliðsstjóri, Jón Valgeirsson sveitarstjóri Rangárbings ytra og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Ásahrepps. Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri sat fundinn í gegnum Teams undir liðum 1-2.

Fundargerð ritaði Anton Kári Halldórsson.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Brunavarna

Margrét Jóna Ísólfsdóttir mætti til fundar í gegnum Teams. Farið var yfir rekstraryfirlit fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur er í góðu jafnvægi. En sem komið er hefur ekkert verið fært á fjárfestingu, en þar var gert ráð fyrir að klára aðstöðu á Hellu og setja upp nýjar hurðir í slökkvistöðina á Hvolsvelli.

2. Fjárhagsáætlun 2023 – Drög

Fyrir liggja fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu fyrir árið 2023. Verið er að undirbúa útboð á nýjum slökkvibíl sem staðsettur verður í stöðinni á Hellu. Ræddir frekari möguleikar á tekjuöflun slökkviliðs með virkara eldvarnaeftirliti. Slökkvistjóri og fjármálastjóri haldi áfram vinnunni og verður endanlega fjárhagsáætlun lögð fyrir næsta fund stjórnar.

3. Tillaga að fundartíma með Landsvirkjun

Rætt um fyrirhugaðan fund með Landsvirkjun og hugsanlegt samstarf við Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. Slökkvistjóra falið að boða Landsvirkjun til fundar við stjórn Brunavarna. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn um miðjan nóvember 2022.

4. Önnur mál.

Rætt um breytingar sem munu verða um áramót þegar slökkviliðsstjóri hefur störf í 100% hlutfalli. Mikilvægt að rýna og yfirara gjaldskrármál í kjölfarið. Rætt um framtíðar fyrirkomulag á slökkvitækjapjónustu á svæðinu. Rætt um byggingu nýrra slökkvistöðvar á Hvolsvelli. Formanni falið að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu. Rætt um forvarnarmál á vegum brunavarna. Rætt um samstarf brunavarna við björgunarsveitir á svæðinu, þar eru tækifæri á að bæta og styrkja samstarfið. Slökkviliðsstjóra falið að kanna möguleika á því að fá VSK númer fyrir Brunavarnir m.t.t. endurskoðunar gjaldskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið 09:45

Anton Kári Halldórsson
Eggert Valur Guðmundsson

Þráinn Ingólfsson

Leifur B Björnsson
Jón Valgeirsson